

## Reglugerð fyrir meistarakeppni BLÍ

Reglugerð fyrir Meistarakeppni Blaksambands Íslands

1. gr.

Þátttökurétt hafa Íslands- og Bikarmeistarar í mfl. karla og kvenna hverju sinni.

2. gr.

Hljóti sama lið Íslands- og Bikarmeistaratitil sama árið skal leikurinn vera á milli Íslandsmeistara og liðsins sem endaði í 2. sæti í bikarkeppninni.

3. gr.

Um Meistarabikarinn gilda sömu reglur og reglugerð um bikara á vegum BLÍ segir til um.

4. gr.

Meistaraleikirnir skulu fara fram að hausti ár hvert og skal leikstaðurinn vera ákveðinn af stjórn BLÍ og þáttökuliðum.

5. gr.

Dómarakostnaður greiðist af BLÍ en ferðakostnaður skipist jafnt á milli þáttökuliða.

6. gr.

Aðgangseyrir skal fyrst ganga til greiðslu á húsaleigu og til greiðslu á öðrum tilfallandi kostnaði, nái endar ekki saman skal BLÍ bera kostnaðinn. Eftir að kostnaður hefur verið greiddur skal BLÍ fá 50% aðgangseyris en þáttökulið skipta með sér afgangi.

7. gr.

BLÍ getur setið eitt að auglýsingum að leiknum eða verið í samstarfi með þáttökuliðum. BLÍ hefur heimild til þess að selja þáttökuliðum auglýsingasvæði gegn þóknun sem samkomulag næst um.

8. gr.

BLÍ skal gefa Meistarabikarinn til keppinnar eða hafa forystu um að ná í styrktaraðila sem gerir slíkt. BLÍ skal sjá til þess að bikarinn sé verðugur verðlaunagripur, standi undir nafni og gefi metorðin sem hann á að standa fyrir vel til kynna.

9. gr.

BLÍ skal sjá um að auglýsa leikinn og kynna hann í fjölmiðlum ásamt því að bjóða útvöldum boðsgestum hverju sinni og stuðla þar með að aukinni kynningu á blakinu.

10. gr.

Meistarakeppnin skal fara fram ár hvert í mfl. karla og kvenna. Framkvæmd leiksins skal vera í samræmi við úrslitaleik í bikarkeppni BLÍ. Spilað með þeim sem eiga við um bikarúrslitaleik.

*Reglugerð samþykkt á 45. ársþing BLÍ þann 10. mars 2017*